

SAMÞYKKT

um byggingarleyfis- og þjónustugjöld skipulags- og byggingarfulltrúaembættis Húnaþings vestra.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Vegna byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem samþykkt þessi kveður á um.

2. gr.

Tekjum sveitarfélagsins skv. samþykkt þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við viðskiptavini sveitarfélagsins.

II. KAFLI

Skilgreiningar.

3. gr.

- a) *Afgreiðslugjald*: Gjald sem greiðist við móttöku umsóknar um byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi, skipulag eða skipulagsbreytingu. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins.
- b) *Úttektargjald*: Gjald sem greiðist vegna úttektar byggingarfulltrúa á framkvæmdastað.
- c) *Umsýslu- og auglýsingakostnaður*: Kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingu auglýsinga, vegna póstsendinga og annarrar umsýslu.
- d) *Auka yfirferð*: Yfirferð breyttra skipulagsgagna þar sem umsókn og móttaka gagna hefur áður átt sér stað.

III. KAFLI

Byggingarleyfis- og byggingarheimildargjöld.

4. gr.

Samkvæmt samþykkt þessari skal greiða byggingarleyfis- og byggingarheimildargjöld fyrir útgáfu á byggingarleyfi/byggingarheimild sem byggingarfulltrúi veitir. Innifalið í byggingarleyfis- og byggingarheimildargjaldi er ein yfirferð aðaluppdráttar, samþykkt byggingaráforma og útgáfa byggingarleyfis/byggingarheimildar, hæðarsetning og útsetning lóðar, skráning mannvirkja, stöðuskoðanir og vottorð um öryggis- og lokaúttekt. Fyrir byggingarleyfi/byggingarheimild nýrra húsa, viðbygginga, breytinga húsa, verulegra breytinga innan lóða og samþykki fyrir breyttri notkun greiðist fast gjald kr. 75.000. Að auki greiðist fyrir hvern fermetra, en aldrei hærra gjald en sem nemur fyrir 1.000 m² nýbyggingu og viðbyggingu, skv. eftirfarandi:

Nýbygging eða viðbygging	kr. 450 pr. m ² brúttó
Iðnaðar- og landbúnaðarbyggingar	kr. 340 pr. m ² brúttó

IV. KAFLI

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

5. gr.

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingu sem byggingarfulltrúi veitir umfram þá sem innifalin er í byggingarleyfisgjaldi:

Afgreiðslugjald	kr. 14.500
Endurtekning á yfirferð uppdráttar	kr. 14.500
Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 2 til 4 eignir í húsi	kr. 30.000
Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 5 eða fleiri eignir í húsi	kr. 45.000
Endurtekin yfirferð á eignaskiptayfirlýsingu	kr. 14.500
Úttekt vegna byggingarstjórnaskipta	kr. 27.000
Endurtekning lokaúttektar	kr. 27.000

Stöðuúttekt	kr. 27.000
Vottorð, önnur en þau sem fram koma í gjaldskrá	kr. 27.000
Fyrir hverja aukaútséttningu lóðar/húss; pr. mælingu	skv. reikningi
Afgreiðslugjald vegna tilkynnta framkvæmda	kr. 27.000
Afgreiðslugjald húsa sem eru byggð utan lóðar og ætluð til flutnings úr héraði	kr. 75.000
Stöðuleyfi; gámar, hús, bátar, hjólhýsi, sumarhús, söluvagnar o.fl.	kr. 27.000

Stöðuleyfi er að jafnaði veitt til eins árs.

Útrentun uppdráttar: A0: 1.010 kr. pr./blað, A1: 745 kr. pr./blað, A2: 375 kr. pr./blað A3: 130 kr. pr./blað.

Heimilt er að leggja aukagjald á umsækjanda vegna aðkeyprar vinnu skv. útlögðum kostnaði.

Heimilt er að innheimta tímagjald kr. 14.500 pr./klst. vegna vinnu byggingarfulltrúa sem ekki er skilgreind í gjaldskrá og vinnu sem er veruleg umfram gjaldskrá.

6. gr.

Fermetragjald skv. 4. gr. reiknast af brúttóflatarmáli skv. lokunarflokki A skv. gr. 4.4. í ÍST50.

7. gr.

Stöðuleyfi til eins árs er miðað við hverja einingu, þar sem ein eining getur til dæmis verið einn gámur af mörgum í vinnubúðum. Álögð gjöld skv. 51. gr. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 um veitingu stöðuleyfis skulu greidd áður en leyfi er gefið út.

8. gr.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt samþykkt þessari skal greiða fyrir útgáfu byggingarleyfis.

9. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangauúttekta við útgáfu byggingarleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu byggingarleyfis.

10. gr.

Fyrir yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis greiðast 14.500 - 98.600 kr. eftir umfangi.

11. gr.

Vegna aðkeyprar vinnu við útgáfu byggingarleyfis verður innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.

V. KAFLI

Kostnaður vegna skipulagsvinnu.

12. gr.

Meginregla er að sá sem óskar eftir nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi aðal- eða deiliskipulagi skal greiða þann kostnað sem verkið hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins.

13. gr.

Skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

14. gr.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 14.500 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.

15. gr.

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.

Afgreiðslugjald	kr.	14.500
Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vinnsla breytingartillögu	Aðkeypt vinna skv. reikningi.	
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	kr.	224.000
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:	kr.	72.000

16. gr.

Kostnaður vegna nýs deiliskipulags.

Afgreiðslugjald	kr.	14.500
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald	Aðkeypt vinna skv. reikningi	
Nýtt deiliskipulag án lýsingar og kynningar, skv. 4. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, vinnsla breytingartillögu	Aðkeypt vinna skv. reikningi	
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	kr.	245.000
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	kr.	138.000

17. gr.

Kostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi.

Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vinnsla breytingartillögu	Aðkeypt vinna skv. reikningi	
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	kr.	138.000

18. gr.

Kostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi.

Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vinnsla breytingartillögu	Aðkeypt vinna skv. reikningi	
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með grenndarkynningu	kr.	64.000
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, án grenndarkynningar	kr.	25.000

19. gr.

Kostnaður vegna grenndarkynningar.

Grenndarkynning, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, deiliskipulag ekki fyrir hendi	kr.	48.000
--	-----	--------

20. gr.

Kostnaður lóðamála.

Afgreiðslugjald	kr.	14.500
-----------------	-----	--------

Stofnun lóða í Landskrá fasteigna á grundvelli deiliskipulags, grunnjald	kr.	25.000
Landnúmer umfram eitt (per lóð)	kr.	8.000
Breyting á skráningu í Landskrá fasteigna	kr.	14.500

VI. KAFLI

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.

21. gr.

Skipulagsfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.

22. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.

23. gr.

Vegna aðkeyprtar vinnu við framkvæmdaleyfi sem nauðsynleg er vegna útgáfu þess skal innheimta sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.

24. gr.

Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021 er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þeirrar vinnu hluti af útlögðum kostnaði þess við útgáfu framkvæmdaleyfisins.

25. gr.

Fyrir framkvæmdaleyfi skal greiða gjöld sem hér segir:

Afgreiðslugjald	kr.	14.500
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021, viðmiðunargjald	kr.	110.000
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	kr.	45.000
Eftirlit umfram eina ferð sem innifalin er í framkvæmdaleyfisgjaldi	kr.	15.000

VII. KAFLI

Gjalddagi, lögveð.

26. gr.

Gjalddagi afgreiðslugjalds er við móttöku umsókna.

27. gr.

Gjalddagi þjónustugjalda er við afhendingu gagna eða afgreiðslu erindis.

28. gr.

Byggingarleyfisgjöld skv. III. kafla skal greiða fyrir útgáfu byggingarleyfis.

29. gr.

Gjöld skv. V. kafla falla í gjalddaga þegar sveitarstjórn hefur samþykkt erindi umsækjanda um að láta hefja vinnu við nýtt deiliskipulag, breytingu á gildandi aðal- eða deiliskipulagi eða grenndarkynningu.

30. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald skv. VI. kafla skal greiða fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis.

31. gr.

Gjalddagi annarra leyfisgjalda er við útgáfu leyfis.

32. gr.

Afgreiðslugjöld eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, leyfi falli úr gildi eða umsókn dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt samþykkt þessari eru ekki endurkræf þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.

33. gr.

Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur.

34. gr.

Gjöldum samkvæmt samþykkt þessari fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi.

VIII. KAFLI

Verðlagsbreytingar.

35. gr.

Gjöld skv. samþykkt þessari miðast við byggingarvísitölu með grunnvísitölu 115,7 stig í október 2023. Gjöldin taka breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á vísitölunni. Endurskoðaðar fjárhæðir gjalda skulu námundaðar í næsta heila hundrað.

IX. KAFLI

Gildistaka o.fl.

36. gr.

Samþykkt þessi, sem var samþykkt af sveitarstjórn Húnþings vestra 9. nóvember 2023, í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög nr. 123/2010, öðlast gildi 1. janúar 2024. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 717/2013.

Hvammstanga, 9. nóvember 2023.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri.